

# Meðferð búfjár

## Umhirða og aðbúnaður

### Einstaklingsmerkingar búfjár

Skylt er að merkja allt búfé innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki sem fylgja á dýrinu alla ævi

#### *Hvers vegna?*

- Tryggja rekjanleika búfjárafurða frá fæðingu dýrs til sölu afurða af því
- Skapa grundvöll að markvissu matvæla- og búfjárefftirliti
- Tryggja eftirlit með flutningi dýra
- Undirstaða að skráningu búfjársjúkdóma og meðhöndlun þeirra

### Útvist nautgripa

- Með nýjum og betri fjósum gefst kún kostur á að ganga lausar í rúmgóðum fjósum og leggjast á bása sína þegar þeim hentar
- Með tilkomu nýrra fjósa og betri aðbúnaði vill oft gleymast að hleypa kúnum út tryggja eftirlit með flutningi dýra
- Útvist gerir kún kleift að bíta gras, rétta úr fótunum, anda að sér fersku lofti og leggjast á mjúka jörð
- Nuddsár vetrarins gróa hratt á sumarbeit og hormónastarfsemi heiladinguls fær eðlilega örvin með sólarljósini
- Þess vegna kveða reglur á um að tryggja skuli öllum nautgripum, nema graðnautum eldri en 6 mánaða, 8 vikna útvist hið minnsta ár hvert

### Velferð keppnishesta

Dýraheilbrigðissvið Mast sinnir eftirliti með heilbrigði og velferð keppnishesta undir kjörorðinu „Klár í keppni“.

- Öll hross sem koma til keppni á stórmótum á vegum Landssambands hestamannafélaga eru heilbrigðisskoðuð fyrir keppni
- Mótin í heild sinni eru metin m.t.t. dýravelferðar og bent á þætti sem betur mega fara
- Stefnt er að samræmdum reglum um velferð keppnishesta á alþjóða vettvangi íslenska hestsins (FEIF)
- Helstu vandamál:
  - Særindi í munni
  - Ágrip og aðrir áverkar á fótum
  - Álagsskaðar



## Særindi í munni hesta

Aukin áhersla er nú lögð á velferð hesta bæði í keppni og annari notkun. Kastljósinu hefur meðal annars verið beint að munni hestanna enda um að ræða viðkvæmt svæði sem mikið reynir á í samskiptum manns og hests. Eftirlit með keppnishestum á undanförnum tveimur landsmótum leiddi í ljós að u.p.b. fjórðungur þeirra var með særindi í munni vegna langvarandi þrýstings á afmörkuð svæði, oftast innan á munnvíkum og kinnum hestanna. Slímhúðin á þessu svæði lendir í klemmu milli méla og múla annars vegar og jaxlanna hins vegar. Við langvarandi þrýsting dregur verulega úr blóðflæði til slímhúðarinnar sem þar með missir styrk sinn. Fast taumhald og óheppilegur beislisbúnaður eru helstu orsakir særindanna þó fleira geti komið til. Þau mél sem eru í notkun hér á landi eru oft á tíðum of löng fyrir munn íslenska hestsins sem leiðir til þess að endar þeirra dragast upp á móts við jaxlana þegar togað er í taum í stað þess að átakið eigi sér stað á tannlausá bilinu. Tekið skal fram að röspun tanna, sem lengi hefurtíðkast til varnar særindum í munni, er að öllu jöfnu ónauðsynleg og getur valdið miklum skaða á tönnunum.

## Þéttleiki í svína- og alifuglarækt

Samkvæmt reglum skal tryggja svínum og alifuglum lágmarksrými í uppeldi þeirra. Nægilegt rými stuðlar að aukinni velferð og betra heilbrigði dýranna og þar með bættu matvælaöryggi.

- Sérstakar aðbúnaðarreglugerðir gilda um svína- og alifuglarækt
- Ein af forsendum matvælaöryggis er góður aðbúnaður og gott heilbrigði dýranna. Þéttleiki dýra ( $\text{fj. dýra}/\text{m}^2$ ) og rými ( $\text{m}^2/\text{dýr}$ ) þeirra eru afgerandi þáttur fyrir gott heilbrigði
- Svín og alifuglar alast upp innandyra. Góð þekking alifugla- og svínabænda, góðir búskaparhættir og vel skipulagður búrekstur stuðlar að aukinni velferð dýranna og bættu öryggi matvælanna
- Innra eftirlit og gæðastýring í svína- og alifuglarækt getur m.a. komið í veg fyrir súnur en það eru sjúkdómar sem smitast með náttúrulegum hætti á milli dýra og manna, t.d. salmonella og kampýlobakter

Matvælastofnun 28.08.09



Ekki skal hafa fleiri en 19 fugla á hvern fermetra gólfblata eða sem svarar 32 kg lifandi þunga á fermetra



Grís í eldi frá 50 - 90 kg þarfust 0,4 - 0,6 ferm/dýr eða u.p.b. 2 dýr á hvern fermetra